

Mánudaginn 20. nóvember 1995.

Nr. 377/1995.

Tollstjórinn í Reykjavík

gegn

Robert C. Yeoman

Kærumál. Gjaldþrotaskipti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 13. nóvember 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 15. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðinn 1. nóvember sl., þar sem hafnað er kröfu sóknaraðila um, að bú varnaraðila verði tekið til gjaldþrotaskipta. Kæruheimild er í 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. Sóknaraðili krefst þess, að úrskurði héraðsdóms verði breytt á þann veg, að bú varnaraðila verði tekið til gjaldþrotaskipta.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka.

Málsatvikum er lýst í hinum kærða úrskurði.

Í kæru sóknaraðila er því haldið fram, að líklega sé varnaraðili strokinn af landi brott eða fari huldu höfði vegna skulda. Skilyrðum 1. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991 sé því fullnægt, til að fallist verði á kröfu sóknaraðila. Á þessari málsástæðu var ekki byggt við meðferð málsins í héraði. Kemur hún ekki til álita fyrir Hæstarétti.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 1. nóvember 1995.

I.

Með bréfi, sem barst Héraðsdómi Reykjavíkur 14. júlí 1995, krafðist tollstjórinn í Reykjavík, kt. 650269-7649, Tryggvagötu 19, Reykjavík, þess, að bú Roberts C. Yeoman, kt. 270341-8109, Rjúpufelli 23, Reykjavík, yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Studdi skiptabeiðandi kröfu sína við 1. tl. 2. mgr. 65.

gr. laga nr. 21/1991, þar sem gert hafði verið árangurslaust fjárnám hjá viðkomandi manni 4. maí 1995.

Samkvæmt endurriti úr gerðabók sýslumannsins í Reykjavík um hina árangurslausu aðfarargerð er m. a. bókað: „Gerðarþoli er ekki viðstaddur. Skilyrðum 1.-3. mgr. 24. gr. laga nr. 90/1989 er fullnægt, til að gerðin fari fram, þótt ekki sé mætt fyrir gerðarþola. Ekki hefur náðst til gerðarþola vegna fjölda beiðna undanfarin ár, ítrekaðar boðanir, lögregluboðanir og heimsóknir á lögheimili. Gerðarbeiðandi krefst þess, að fjárnámi verði lokið án árangurs, og er svo gert með vísan til 8. kafla laga nr. 90/1989.“

Hinn 18. september 1995 vísaði dómari beiðni skiptabeiðanda á bug með bókun í þingbók, sbr. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 21/1991, þar sem aðfarargerð sú, sem gjaldþrotabeiðni skiptabeiðanda byggðist á, þótti ekki fullnægja skilyrðum 65. gr., 2. mgr., 1. tl., laga nr. 21/1991, til að gjaldþrotaúrskurður yrði á henni reistur.

Með bréfi tollstjórans í Reykjavík, dags. 16. október 1995, krafðist hann þess, að beiðnin, sem vísað hafði verið á bug, yrði tekin fyrir á dómþingi og úrskurður upp kveðinn um það, hvort henni yrði hafnað. Var beiðni þessi tekin fyrir á dómþingi 25. október 1995, og ítrekaði skiptabeiðandi þá kröfu, að úrskurður yrði kveðinn upp um, hvort kröfunni væri hafnað. Var beiðnin tekin til úrskurðar í því þinghaldi.

II.

Tollstjórinn í Reykjavík styður kröfu sína um gjaldþrotaskipti á búi Roberts C. Yeoman við 1. tl. 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991. Þar segir, að lánardrottinn geti krafist þess, að bú skuldara verði tekið til gjaldþrotaskipta, ef fjárnám hafi verið gert hjá skuldara án árangurs að einhverju leyti eða öllu á síðustu þremur mánuðum fyrir frestdag og ekki sé ástæða til að ætla, að gerðin gefi ranga mynd af fjárhag hans.

Hin árangurslausa aðfarargerð, sem skiptabeiðandi hefur lagt fram kröfu sinni til stuðnings, fer fram að gerðarþola fjarstöddum, vegna þess að ítrekaðar boðanir höfðu ekki borið árangur. Ekkert verður ráðið af aðfarargerð þessari um fjárhag skuldara, og er því full ástæða til að ætla, að hún gefi ranga mynd af fjárhag hans. Samkvæmt því er ekki fullnægt skilyrðum 1. tl. 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991, til að á henni verði byggt um töku bús skuldarans til gjaldþrotaskipta.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Hafnað er kröfu tollstjórans í Reykjavík um, að bú Roberts C. Yeoman verði tekið til gjaldþrotaskipta.